

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, þjónustusvæði, íbúðarsvæði og tengibraut í Þorlákshöfn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 18. desember 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í því að íbúðarsvæði (Í6) stækkar til vesturs á kostnað fyrirhugaðs svæðis fyrir þjónustustofnanir sem fellur brott. Óbyggt svæði við gatnamót Suðurstrandarvegur og tengibrautar inn í Þorlákshöfn breytist í svæði fyrir verslun og þjónustu (V2). Lega tengibrautar í gegnum miðbæjarsvæðið breytist þannig að austurkvíslin að Selvogsbraut færist austar og breytast göngustígar í samræmi við nýja legu brautarinnar. Aðkoma að íbúðarsvæði Í6 frá tengibrautinni færist lítillaga til suðurs.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 18. desember 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 7. janúar 2009